

MINNISPUNKTAR*af fundi laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins í París 21. maí 2012*

Fundinn sóttu Þuríður Backman, formaður Íslandsdeildar, sem situr í laga- og mannréttindanefnd, auk Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, ritara Íslandsdeildar.

Á fundinum var m.a. rætt um skýrsludrög varðandi stöðu þeirra sem verja mannréttindi í aðildarríkjum Evrópuráðsins sem og mannréttindi og fjölskyldudómstóla. Þá voru rædd skýrsludrög varðandi það að halda pólitískri og lagalegri ábyrgð aðskildri, en framsögumaður skýrslunnar, hollenski þingmaðurinn Pieter Omtzigt, hafði heimsótt Ísland í byrjun maí til að afla upplýsinga fyrir vinnslu skýrslunnar með hliðsjón af Landsdómsmálinu gegn Geir H. Haarde. Omtzigt sagði málið mjög athyglisvert varðandi viðbrögð við því að rétta yfir stjórnámamanni fyrir dómstóli vegna athafna eða athafnaleysis viðkomandi. Hann sagði einnig að þar sem Úkraína, sem hann hefði einnig ætlað að heimsækja í tengslum við skýrslugerðina, hefði ekki enn opnað fyrir heimsókn hans gerði hann ráð fyrir að skrifa sérstaklega um Ísland. Tveir sérfræðingar komu síðan fyrir nefndina, Helmut Satzger, prófessor við háskólann í München og Luc Verhey, prófessor við háskólann í Leiden.

Í máli Satzger kom fram að í réttarríki væru allir sem taka ákvarðanir fyrir land og lýð bundnir af lögum. Í löggjöf sumra ríkja væri að finna sérlöggjöf um stjórnámamenn og hvernig skyldi fara með mál þeirra ef þeir væru sakaðir um að hafa brotið ákveðnar skyldur. Hins vegar byggju stjórnámamenn einnig við það að geta sætt pólitískri refsingu, því að kjósendur gætu ætíð tekið þá ákvörðun að kjósa ekki viðkomandi stjórnámamann aftur á grundvelli þess sem hann hefði mögulega brotið af sér. Satzger sagði refsilöggjöf almennt ekki eiga að blandast saman við stjórnámál og nefndi til samlíkingar að menn gætu fengið gult eða rautt spjald í fótbolta en það væri einungis ef menn brytu mjög illa af sér, t.d. stórslösuðu mótherja sinn, að refsilöggjöf gæti komið til sögunnar. Það sama ætti við um pólitíska ábyrgð í samanburði við refsíábyrgð. Stjórnámamenn þyrftu oft að taka erfiðar ákvarðanir og það væri aðeins hægt að sjá eftir á hvort ákvörðun hefði verið rétt eða röng. Þótt hún hefði verið röng þá hefði viðkomandi ekki endilega gerst sekur um lögbrot. Það þyrfti að finna skynsamleg mörk milli pólitískrar ábyrgðar og refsíábyrgðar. Satzger talaði einnig um svokallað “hindsight bias”, þ.e. að eftir á væri almennt talið að ákvörðun hefði verið tekin í sérstöku umhverfi eða við sérstakar kringumstæður sem síðan væri erfitt að sanna. Hann sagði hins vegar aldrei hægt að álykta sem svo að stjórnámamaður væri alltaf laus undan lagalegri ábyrgð, það væri ekki hægt að taka refsilöggjöfina út fyrir sviga. Með réttlátri málsmeðferð fyrir dómi væri alltaf svigrúm til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna við ákvarðanatöku.

Verhey fór yfir söguleg rök fyrir friðhelgi stjórnámamanna en sagði síðan að kerfin í Evrópu ættu það flest sameiginlegt að vernda stjórnámamenn fyrir handtöku eða saksókn meðan þeir hefðu umboð kjósenda. Þetta væri þó háð málavöxtum hverju sinni. Dómstólar sættu sig við það að þinghelgi gæti haft áhrif á það hvaða mál kæmu fyrir dómstóla og að þeim mun víðtækari sem hún væri, þeim mun brýnna þyrfti mál að vera til að koma fyrir dóm. Verhey sagði að stjórnámamaður ætti rétt á réttlátum réttarhöldum eins og hver annar borgari og vísaði í dóma MDE máli sínu til stuðnings. Hann sagði mörg vandamál sameiginleg með aðildarríkjum ER í tengslum við gildissvið þinghelginnar og meðal þess sem þyrfti að skoða væri tímabilið sem hún næði yfir, hvað gerðist að því loknu, hvernig væri hægt að aflétta þinghelgi og þá með hvaða aðferðum. Það myndu alltaf koma upp mál þar sem þinghelgi ætti ekki við og þá þyrftu stjórnámamenn að beygja sig undir hefðbundinn framgang mála.

Í umræðum eftir framsögur sérfræðinganna sagði Omtzigt m.a. að yfir mörgum aðildarríkjum ER vofðu nú stórar efnahagslegar ákvarðanir og velti upp ábyrgð

stjórnámálanna í því samhengi. Þeir tækju pólitískar ákvarðanir sem fælu í sér efnahagslega áhættu. Oft væru það líka fleiri en einn aðili sem tæki ákvörðun sem ríkisstjórn eða ráðherra framkvæmdi. Þuríður Backman tók einnig til máls og greindi frá því að það hefði verið til skoðunar á Íslandi að breyta landsdómslögum þegar bankakerfið hrundi í október 2008, en þá hefði það verið orðið of seint. Íslenska kerfið væri mjög svipað því danska og athyglisvert að bera þau tvö saman, sem og kerfið á hinum Norðurlöndunum. Íslendingar hefðu við meðferð máls Geirs H. Haarde farið í öllu eftir stjórnarskrá og lögum og málsmeðferðin hefði verið réttlát. Nú, eftir að dómur er fallinn í málinu hefði nær öll umræða um það fallið niður. Þuríður kvaðst vona að skýrslan myndi hjálpa Íslendingum við að endurbæta íslensku stjórnarskrána og landsdómslögin og jafnframt að önnur lönd gætu lært af reynslu Íslendinga. Þá kom fram í umræðum að mörg mál af pólitískum toga væri nú í gangi á ýmsum vettvangi, m.a. mál Strauss-Kahn og Tímósjenkó og að áhugavert væri að ræða það frekar hvernig réttarríkin nálguðust þessi mál.

Í lok fundarins voru málefni pólitískra fanga tekin upp á ný, en nefndarmenn voru ekki einhuga um hvort skila ætti einni skýrslu eða tveimur um málið og fór atkvæðagreiðsla fram í lok fundarins þar sem ákveðið var að kljúfa skýrsludrögin upp í tvennt, annars vegar um skilgreiningu á pólitískum föngum og hins vegar um stöðu pólitískra fanga í Aserbaidísjan.